

Fimmtudaginn 19. júní 1986.

Nr. 151/1986. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Sigurði Stefáni Almarssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Fjársvik. Tékkar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Máli þessu var að ósk ákærða áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1986 og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 22. maí 1986.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu ákærvalds og ákærða að ekki væri óskað endurskoðunar á ákvæðum héraðsdóms um skaðabætur. Koma þau því ekki til álita í málinu, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

Ákærði stofnaði tékkareikning sinn nr. 7834 hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis 24. maí 1984 og var eiginkona hans, Sif Bjarnadóttir, ábyrgðarmaður hans við reikningsstofnunina. Ákærði gaf út hina innistæðulausu tékka í framhaldi af stofnun reikningsins, annan sama dag en hinn daginn eftir. Hann gaf út tékka þessa án þess að láta sig það nokkru skipta, hvort víst væri að næg innstæða væri fyrir þeim. Ber, eins og hér stendur á, að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sakfellingu ákærða og heimfærslu brota hans til refsíákvæða. Þá ber og með skírskotun til forsendna dómsins að staðfesta ákvæði hans um refsingu ákærða svo og um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 10.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Stefán Almarsson, greiði allan áfrýjunar-

kostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnalaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. desember 1985.

Ár 1985, fimmtudaginn 19. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 721/1985: Ákærvaldið gegn Sigurði Stefáni Almarssyni, sem tekið var til dóms 16. s.m.

Málið var höfðað með ákæru, dagsettri 14. október sl. „á hendur Sigurði Stefáni Almarssyni, Karfavogi 33, Reykjavík, fæddum í Hafnarfirði 30. ágúst 1956, fyrir tékkasvik samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 með því að hafa notað í staðgreiðsluviðskiptum í Reykjavík eftirgreinda 2 tékka, sem hann gaf út til handhafa á tékkareikning sinn nr. 7834 hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágreannis án þess að innistæða væri fyrir hendi á reikningnum:

Tékki nr. 223910, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 25. maí 1984. Seldur í Álfheimautibúi Útvegsbanka Íslands á útgáfudegi.

Tékki nr. 223908, dagsettur 24. maí 1984, að fjárhæð kr. 5.000. Ákærði greiddi Jens Emil Snæbjörnssyni, Ljósvallagötu 14, Reykjavík, með tékkanum í staðgreiðsluviðskiptum þeirra á milli.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Með bréfi, dagsettu 20. júní 1984, kærði Útvegsbanki Íslands, lögfræðingadeild, ákærða fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna misferlis með ávísun. Ávísunin, nr. 223910, fylgdi með í frumriti. Er hún útgefin 25. maí 1984 af ákærða til handhafa, að fjárhæð 5.000 krónur, á ávísanareikning nr. 7834 við Sparisjóð Reykjavíkur og nágreannis. Einnig hefur ákærði ritað framsal aftan á ávísunina. Þrír stimplar eru einnig á bakhliðinni. Samkvæmt þeim hefur ávísunin verið innleyst í Útvegsbanka Íslands, Álfheimum 74, 25. maí 1984, hún sýnd í greiðslubankanum samdægurs og innistæða þá ekki verið næg og reikningi lokað 4. júní 1984.

Sigurmar K. Albertsson héraðsdómslögmaður kærði f.h. Gúmmivinnustofunnar hf. ákærða einnig fyrir ávísanamisferli með bréfi 12. mars sl. til Rannsóknarlögreglu ríkisins. Tékkinn, nr. 223908, fylgdi í frumriti. Er hann að fjárhæð 5.000 krónur, dagsettur 24. maí 1984 og útgefinn af ákærða til handhafa og stílaður á sama reikning og fyrri tékkinn. Tékkinn er framseldur af Jens Emil Snæbjörnssyni, nnr. 4921-2968, Efstahjalla 19,

Kópavogi, og Gúmmívinnustofunni hf. Skipholti 35, Reykjavík, (lögð inn á hlaupareikning firmans nr. 1580 í Búnaðarbanka Íslands). Þar er ávísunin greiðslustimpluð hinn 1. júní 1984. Greiðslubanki hefur stimplað hana tvívegis, hinu fyrra sinni hinn 7. maí 1984 um að innistæða væri eigi næg, og hinu síðara sinni um að reikningi hafi verið lokað 4. júní 1984.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni hinn 4. júní 1985 bar ofangreindur Jens Emil, fæddur 23. ágúst 1946, þá til heimilis að Ljósvallagötu 14, Reykjavík, er honum var sýndur síðargreindi tékkinn, að hann hefði fengið hann fyrir meira en ári hjá ákærða er hann hefði selt ákærða fót. Jens Emil kvaðst ekki hafa vitað betur en að tékkinn væri „í lagi“ og hefði hann framselt hann með eigin nafni við kaup á hjólbörðum.

Samkvæmt gögnum málsins opnaði ákærði hinn 24. maí 1984 tékka-reikninginn í Sparisjóðinum. Þá lagði hann inn 6.500 krónur. Hinn 4. júní 1984 var hann kominn með 70.926 krónur í yfirdrátt.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni hinn 30. júlí sl. kannaðist ákærði við að hafa stofnað reikninginn og „lagt inn á hann einhverja upphæð en hann muni ekki hvað það var mikið.“ Hefði hann þá verið nýbúinn að ganga að eiga Sif Bjarnadóttur sem hefði gerst ábyrgðarmaður reikningsins. Hefði hún sagt sér að hún ætti von á peningum vegna skyldusparnaðar svo og af öðrum ástæðum. Um hefði verið talað að hún legði inn 100.000 krónur og eftir að hún hefði sagt að hún væri búin að leggja inn hefði hann í góðri trú ávísað á reikninginn. Ákærði hefði ekki sjálfur athugað hvort hún hefði lagt inn á reikninginn. Þau hefðu síðan farið saman, sennilega í júní 1984, til Amsterdam og verið þar um tíma og síðan til Spánar. Þar hefði ákærði verið fram í júní á þessu ári.

Í skýrslunni um yfirheyrsluna kemur fram að ákærða var sýndur tékki nr. 223910 og hann beðinn að greina frá notkun hans. Í skýrslunni er þá ekkert bókað eftir ákærða um notkunina, heldur aðeins samþykki á bótakröfu.

Hinn 31. júlí sl. var ákærði spurður hjá rannsóknarlögreglunni um tékkann sem Jens Emil framseldi. Ákærði kvaðst ekki muna sérstaklega eftir tékkanum en þekkja rithönd sína á honum. Ákærði myndi eftir að hafa látið Jens Emil hafa einhvern tékka en myndi ekki fyrir hvað það var.

Í dóminum bar ákærði að hann teldi málsóknina stafa af einhverjum misskilningi þar sem hann hefði haft ástæðu til að ætla að eiginkona hans, Sif Bjarnadóttir, myndi vera búin að leggja inn á reikninginn eins og hann hefði skýrt frá við rannsókn málsins. Ákærði hefði bara hennar orð fyrir þessu, hann hefði ekki kannað sérstaklega hjá bankanum hvort þessi frásögn hennar væri rétt. Ákærði viðurkenndi að hafa notað tékkana eins og í ákæru greinir. Fyrri tékkann hefði hann selt í Álfheimaútbúi Útvegs-

bankans og þann seinni hefði hann notað til að greiða Jens Emil fyrir „dót“, sem hann hefði keypt af honum.

Með eigin játningu ákærða, framlögðum frumritum tékkanna og öðrum gögnum málsins, er sannað að ákærði hefur notað báða tékkana eins og í ákæru greinir. Hann hefur einnig viðurkennt að hafa gefið þá út og notað án þess að staðreyna, hvort hann hefði yfir nægilegri innistæðu að ráða í bankanum. Dómurinn metur það haldlaust í máli af þessu tagi að það leysi ákærða undan ábyrgð þótt hann beri fyrir sig að einhver aðili utan bankans segi innistæðu vera fyrir hendi. Væri hlaupið eftir slíku, yrði refsivernd tékkakerfisins gagnslaus. Háttsemi ákærða verður því metin honum til refsíábyrgðar samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur sætt kærnum og refsingum, sem hér greinir:

— — —

[Sakavottorð tilgreinir 25 refsíðoma ákærða frá árunum 1973-1983 og einn refsíðom frá 30. júlí 1985 (60 daga fangelsi fyrir umferðarlagabrot). Þess er getið að 25. mars 1984 hafi ákærði fengið reynslulausn, skilorðsbundið til eins árs, af eftirstöðvum refsingar, 145 dögum.]

Ákærði hefur með framangreindum brotum í reynd brotið gegn skilyrðum reynslulausnar frá 25. mars 1984, en ekki eru skilyrði til að taka reynslulausnina upp í þessu máli samkvæmt 42. gr., sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga.

Með hliðsjón af 72. gr., 77. gr., 78. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga ákveðst refsing ákærða, sem er vanaafbrotamaður, fangelsi í 4 mánuði.

Í málinu liggja fyrir bótakröfur frá báðum kærendum. Verða þær báðar teknar til greina. Ákærði greiði því Gúmmivinnustofunni hf., Skipholti 35, Reykjavík, 5.103 krónur með hæstu leyfilegum dráttarvöxtum eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma frá 1. júní 1984 til greiðsludags og Útvegsbanka Íslands 5.000 krónur ásamt hæstu leyfilegum dráttarvöxtum frá 25. maí 1984 til greiðsludags.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m.a. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar héraðsdómslögmanns, að fjárhæð 6.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Stefán Almarsson, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði greiði Gúmmivinnustofunni hf., Skipholti 35, Reykjavík, 5.103 krónur ásamt hæstu leyfilegum dráttarvöxtum eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma, frá 1. júní 1984 til greiðsludags og Útvegs-

banka Íslands 5.000 krónur ásamt hæstu leyfilegum dráttarvöxtum frá 25. maí 1984 til greiðsludags.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m.a. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar héraðsdómslögmanns, að fjárhæð 6.000 krónur.

Fimmtudaginn 19. júní 1986.

Nr. 7/1985. **Þorgrímur Jónsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Björgun hf.

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Fjárnámsgerð felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. janúar 1985 að fengnu áfrýjunarleyfi 16. janúar 1985 samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með sáttargerð á bæjarþingi Reykavíkur 13. júní 1984 lofaði áfrýjandi að greiða stefnda 5.809,00 krónur með 45% ársvöxtum frá 1. júní 1982 til 21. september 1983, 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 9.000,00 krónur í málskostnað, allt fyrir 1. ágúst 1984.